



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

603. stjórnarfundur 23. maí 2023 kl. 17:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Björg Hafsteinsdóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

## 2. Innkomin bréf

Afrit af erindi fimleikadeildar til Helga Arnarsonar.

Erindi frá körfuknattleiksdeild vegna fjármála. Samþykkt að lána körfuknattleiksdeild 2 milljónir og styrkja um 2 milljónir. Einnig að framlengja yfirdráttarheimild.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá þessu.

Bréf frá Kristjáni Hafþórssyni með kynningu á fyrirlestri fyrir unglinga.

## 3. Send bréf

Fjárhagsáætlun vegna breytinga á lyftingarsal inn af B salnum á Sunnubraut send á Hafstein Ingibergsson og Hafþór Barða Birgisson. Framkvæmdastjóri hefur einnig rætt við Friðjón bæjarfulltrúa og Hafstein um kostnað og þátttöku Keflavíkur. Tekið var jákvætt í framkvæmdir en það vantar samþykki til að geta byrjað.

## 4. Ársþing ÍRB

Ársþing ÍRB verður haldið í íþróttakademíunni 24. maí kl. 20:00. Keflavík á 10 þingfulltrúa. Dagskrá, Kjörbréf, lög ÍRB, tillaga stjórnar ÍRB um nýja reglugerð sem fjallar um kjör á íþróttakarli og konu Reykjanesbæjar. Formaður yfirfór tillöguna og gerði tillögu að breytingu.

## 5. Önnur mál

A. Ráðning á fjármálastjóra. Skoða starfslýsingu.

B. Skipa í laganefnd og skoða kosningu á fulltrúum í stjórn aðalstjórnar.

C. Myndataka aðalstjórnar.

D. Hamingjuóskir til körfunnar með Íslandsmeistaratitil ungmennaflokks kvenna.

Fundi slitið kl. 18:15

Næsti fundur verður 6. júní 2023

Fundinn ritaði Eva Björk

